

FUNDARGERÐ

FUNDUR: Aðalfundur Upplits, menningarklasa uppsveita Árnessýslu, 2010

FUNDARSTAÐUR: Hótel Hekla

FUNDARTÍMI: 27. janúar 2010, kl. 20

MÆTTIR: Skúli Sæland, Ann-Helen Odberg, Eybór Brynjólfsson, Ásborg Arnþórsdóttir, Margrét Sveinbjörnsdóttir, Hörður Óli Guðmundsson, Kristín Jóhannsdóttir, Valgerður Sævarsdóttir, Halldór Páll Halldórsson, Alda Sigurðardóttir, Kristveig Halldórsdóttir, Lísa Thomsen, Laufey Böðvarsdóttir, Jóhannes Sigmundsson, Valgerður Auðunsdóttir, Esther Guðjónsdóttir, Snæbjörn Magnússon, Dorothee Lubecki, Magnea Gunnarsdóttir, Jóhannes Sturlaugsson, Einar Á. Sæmundsen, Sigrún Hauksdóttir, Ástrún Davíðsson, Loftur Erlingsson, Vilborg Halldórsdóttir

FUNDARSTJÓRI: Ásborg Arnþórsdóttir

FUNDARRITARI: Margrét Sveinbjörnsdóttir

AÐALFUNDUR UPPLITS 2010

1. Inngangur

Margrét fór yfir markmið og dagskrá fundarins. Metþátttaka var á fundinum, 25 manns, og lofar það góðu um framhaldið. Nokkrir höfðu auk þess látið vita að þeir kæmust ekki á fundinn en vildu gerast stofnfélagar, auk þeirra sem þegar höfðu staðfest stofnaðild og hafa tekið þátt í fyrri fundum. Ásborgu var falin fundarstjórn og Margrét tók að sér að rita fundargerð.

2. Myndrænt yfirlit yfir skipulag, hlutverk og verkefni klasans

Ann-Helen brá upp myndrænu yfirliti yfir skipulag, hlutverk og verkefni klasans – og bað fundarmenn að svara því hvert hlutverk klasans ætti að vera. Vilborg Halldórsdóttir orðaði það á hnitmiðaðan hátt þegar hún taldi það vera að „búa til segul í heimabyggð“.

3. Ímyndarsköpun og merki klasans

Margrét og Kristveig greindu frá vinnu liðinna vikna við val á nafni og hönnun á merki klasans, en þær Kristveig og Alda höfðu boðið fram krafta sína við hönnun merkisins á fundinum á Laugarvatni í desember. Eftir þankahríð stjórnarinnar um nafn, þar sem reynt var að finna sameiningartákn fyrir klasann, hófust þær Kristveig og Alda handa við hugmyndavinnu. Þegar þær voru komnar með nokkrar tillögur áttu þær fund með Margréti, þar sem tillögurnar voru ræddar og tekin önnur rispa á nöfnum. Strax var samstaða um að velja eitt stutt og sterkt nafn, sem væri gripandi, þjálft í munn og vekti forvitni. Fyrir neðan það kæmi svo útskýrandi undirtitill sem lýsti fyrirbærinu nánar; Menningarklasi uppsveita Árnessýslu. Til að gera langa sögu stutta varð niðurstaða stjórnar og hönnuða UPPLIT. Fyrir það fyrsta vísar nafnið í uppsveitirnar. Einnig vísar það í að með því að huga að og miðla menningu uppsveitanna lítum við upp úr amstri hversdagsins. Stundum er talað um að vera upplitsdjarfur – og óhætt er að segja að við getum borið höfuðið hátt og verið stolt þegar við tölum um menningu uppsveitanna, auk þess sem það „gefur lífinu lit“. Hönnuðirnir gerðu fjölmargar tillögur að merki, sem stjórnin

kaus um og endaði á því að þrengja hringinn svo að fjórar tillögur stóðu upp úr. Þær tillögur voru sýndar og ræddar á fundinum. Ekki var tekin endanleg ákvörðun um hver þeirra yrði fyrir valinu en stjórn og hönnuðir munu gera út um það á næstu dögum.

4. Aðalfundarstörf

Samkvæmt 4. gr. laga félagsins sem drög voru lögð að á Laugarvatnsfundinum 7. desember sl. skal dagskrá aðalfundar vera svohljóðandi:

1. Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár.
2. Kynning og afgreiðsla aðildarumsókna.
3. Afgreiðsla reikninga.
4. Lagabreytingar.
5. Starfsáætlun fyrir komandi starfsár og fjárhagsáætlun.
6. Kosning stjórnar og skoðunarmanna reikninga.
7. Önnur mál.

Þar sem þetta var fyrsti aðalfundur klasans og starfsemin rétt að hefjast var ljóst að aðalfundarstörf yrðu fljótafgreidd, auk þess sem liðir 4 og 6 höfðu verið undirbúnir vandlega á Laugarvatnsfundinum.

1. (Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár.)

Þessi liður átti ekki við, þar sem fyrsta starfsárið er nýhafið.

2. Kynning og afgreiðsla aðildarumsókna.

Nafnalistar voru látnir ganga og fundarmenn beðnir að staðfesta stofnaðild með því að kvitta á þá.

3. (Afgreiðsla reikninga.)

Þessi liður átti ekki við, þar sem engir reikningar hafa enn borist.

4. Lagabreytingar.

Lög félagsins, sem sett voru saman á Laugarvatnsfundinum og félagsmenn hafa haft til skoðunar undanfarnar vikur, voru borin upp til samþykktar, lið fyrir lið og samþykkt samhljóða.

5. Starfsáætlun fyrir komandi starfsár og fjárhagsáætlun.

Skúli kynnti fjárhagsáætlun sem byggð er á þeim áætlunum sem lagðar voru til grundvallar umsókninni til VSSV.

6. Kosning stjórnar og skoðunarmanna reikninga.

Á fundinum á Laugarvatni 7. desember var kjörin stjórn, sem formlega séð hefur virkað sem starfsstjórn síðan. Stjórnin var kjörin formlega á aðalfundinum, með öllum greiddum atkvæðum. Í stjórn eru því eftirtaldir: Skúli Sæland, Ann-Helen Odberg, Margrét Sveinbjörnsdóttir, Ásborg Arnþórsdóttir og Eypór Brynjólfsson – og munu þau skipta með sér verkum. Samkvæmt bráðabirgðaákvæði í 6. grein laga félagsins eru þrír stjórnarmenn kjörnir til tveggja ára og tveir til eins árs. Varamenn: Anna Kristjana Ásmundsdóttir og Kristveig Halldórsdóttir. Skoðunarmenn: Pétur Skarphéðinsson og Jóhannes Sigmundsson. Varaskoðunarmenn: Esther Guðjónsdóttir og Anna Soffía Óskarsdóttir.

7. Önnur mál.

Jóhannes Sigmundsson var innblásinn af umræðunni um nafnið UPPLIT og kastaði fram stöku:

Stjórninni hér veitt er vald,
verkefni að hanna:
Uppákomur, utanumhald,
upplitsdjarfra manna.

Að loknum fljótafgreiddum aðalfundarstörfum var gert kaffihlé.

5. Fyrsti viðburður starfsársins

Þá var komið að fyrsta viðburði starfsársins, sem var kynning á leikriti um Gauk Trandilsson, sem Vilborg Halldórsdóttir leikkona vinnur nú að. Fyrst kynnti Eyþór Brynjólfsson, sem einnig er stjórnarmaður í Þjórsárdalsklasanum „Undan öskunni“ tildrögin að stofnun klasans og helstu verkefni hans. Þá tók Vilborg við og sagði frá vinnu sinni við leikritið – og naut dyggrar aðstoðar Magneu Gunnarsdóttur við söng og trommuslátt. Óhætt er að segja að þær hafi slegið tóninn fyrir viðburðadagskrá Upplits á eftirminnilegan hátt.

6. Viðburðir og umræður

Síðast en ekki síst var efnt til umræðna um viðburðadagskrá klasans næstu mánuði og ár. Skúli fór yfir þær 20 tillögur sem settar voru á blað á Laugarvatnsfundinum og síðan var hátt í 30 tillögum til viðbótar varpað fram. Má þar t.d. nefna dagskrá um Áshildarmýrarsamþykktina, urriðarannsóknir í Öxará, landnámsþætur, Ólaf Jóhann Sigurðsson, umtalaða dagatalsútgáfu Kvenfélags Biskupstungna og farandsýningu byggða á Gauks sögu. Ljóst er að enginn skortur er á góðum hugmyndum. Ann-Helen ber ábyrgð á að raða þeim niður á dagsetningar og staði – í samstarfi við húsin og viðkomandi flytjendur. Ýmsir möguleikar eru á samstarfi um viðburði, t.d. við Sögufélag Árnesinga, Gullkistuna, Hollvini Grímsness, Þjórsárdalsklasann o.fl. Næsti viðburður er á dagskrá seint í febrúar og mun stjórn fastsetja hann og kynna fljótlega.

7. Önnur mál

Dorothee Lubecki, menningarfulltrúi Suðurlands, kvaddi sér hljóðs og lýsti ánægju sinni með stofnun klasans og metnaðarfullar hugmyndir. Henni taldist svo til að af 25 fundarmönnum hefðu um 20 fengið styrki frá Menningarráði Suðurlands til fjölbreyttra verkefna á síðastliðnum árum. Hún sagði að fróðlegt gæti verið að meta afrakstur og árangur menningarstyrkjanna og hvatti til þess að klasinn myndi standa fyrir rannsókn þar um.

Skúli kynnti nýstofnaða Facebook-síðu Upplits, sem þegar er komin með yfir 100 aðdáendur. Ætlunin er að halda úti öflugri kynningu á klasanum á Facebook, auk þess sem í undirbúningi er að setja upp undirvef á vefsvæði uppsveitanna; www.sveitir.is. Stjórnin mun á næstunni móta stefnu um vörslu gagna og miðlun þeirra á vefnum.

Ásborg vakti athygli á fundi sem haldinn verður á Hótel Selfossi 11. febrúar, undir yfirskriftinni Klasasprengrja. Þar munu fjölmargir klasar sem styrktir eru af VSSV kynna starfsemi sína – og hefur stjórn Upplits þegar tilkynnt um þátttöku.